

Nd.

440. Nefndarálit

[140. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1966.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Þrír nm., JK, VH og LJós, skrifa þó undir nál. með fyrirvara.

Hér með eru prentuð sem fylgiskjöl skýrsla ríkisendurskoðunarinnar til yfirskoðunarmanna, dags. 22. des. 1967, og bréf sömu stofnunar til fjárhagsnefndar, dags. 21. marz s. l. Af gögnum þessum má sjá, að endurskoðun reikninga ríkisstofnana, embætta o. fl. er nú lengra komið en oft áður.

Alþingi, 28. marz 1968.

Matthías Á. Mathiesen,
form.

Lúðvík Jósefsson,
með fyrirvara.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Jón Kjartansson,
með fyrirvara.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
með fyrirvara.

Gunnar Gíslason,
frsm.

Guðlaugur Gíslason.

Fylgiskjal I.

Skýrsla ríkisendurskoðunarinnar um, hvað ólokið er af endurskoðun reikninga ríkisstofnana, embætta o. fl. 16. desember 1967.

Hér fer á eftir skrá yfir reikninga, sem biða endurskoðunar:

Hæstiréttur 1966.

Kostnaður við embætti sýslumanna, bæjarfógeta, tollstjóra og sakadómara 1966.

Kostnaður lögreglustjóraembættisins 1965—1966.

Biskupsembættið 1964—1966.

Sendiráðin 1966 að nokkru leyti.

Viðtækjaverzlun ríkisins 1966.

Vegamál 1966.

Ferðaskrifstofan 1966.

Raforkumál 1966.

Rannsóknastofnanir atvinnuveganna 1965—1966.
 Atvinnudeild háskólans 1964.
 Vélasjóður 1966.
 Sauðfjárveikivarnir 1966.
 Bændaskólinn og búíð á Hvanneyri 1966.
 Bændaskólinn og búíð á Hólum 1965—1966.
 Fræðslumálaskrifstofan 1966.
 Menntaskólinn á Akureyri 1966.
 Menntaskólinn á Laugarvatni 1966 (ókominn reikningsskil).
 Héraðsskólinn á Laugarvatni.
 Bókaútgáfa Menningarsjóðs 1964—1966.
 Vélskólinn 1966.
 Tækniskólinn 1966.
 Matsveina- og veitingaþjónaskólinn 1966.
 Veiðimálaskrifstofan 1966.
 Skipaskoðun ríkisins 1966.
 Skipulag bæja og kaupþúna 1966.
 Öryggiseftirlit ríkisins 1966.

Auk þess er ólokið endurskoðun nokkurra smærri reikninga. Eins og að undanförunu er endurskoðað jafnóðum hjá ýmsum stærri stofnunum og ríkisfyrirtækjum, þannig að endurskoðun þeirra er langt komið fyrir árið 1967.

Við brunann í Iðnaðarbankahúsinu í marz s. l. urðu miklar skemmdir á skrifstofum ríkisendurskoðunarinnar. Bæði af þeim sökum og flutningi í nýtt húsnæði varð mikil röskun á starfsemi, og hefur það seinkað ýmsum verkum.

Þess skal þó getið, að mjög lítið af aðsendum bókhaldsgögnum fór í eldinn.

Endurskoðun tekna annarra en aðflutningsgjalda í embættum sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur er komið sem hér greinir:

1. Lokið er endurskoðun í 17 embættum af 25 til ársloka 1966, en eftir er að athuga reikninga átta embætta fyrir árin 1965 og 1966.
2. Athuganir á fjárreiðum og bókhaldi voru gerðar í 13 embættum á árinu 1967.
3. Embættismannaskipti urðu í eftirtöldum 5 embættum á árinu 1967: Bæjarfógetaembættunum á Akranesi, Akureyri og Neskaupstað, borgarfógetaemb. í Reykjavík og sýslumannsemb. í Suður-Múlasýslu. Samhliða úttekt á þessum embættum voru fjárreiður þeirra athugaðar.

Eins og sjá má á þessari skýrslu og með samanburði við eldri skýrslur, er endurskoðun hjá innheimtumönnum ríkissjóðs mun betur komið nú en oft áður, enda hefur verið lögð áherzla á að vinna upp það, sem ýmissa hluta vegna hafði safnað fyrir, og má gera ráð fyrir, að óbreyttum aðstæðum, að það takist á næsta ári.

Um tollendurskoðun er hið sama að segja sem í skýrslu síðasta árs, nema á þessu ári hefur færzt í mun betra horf en áður var innheimta aðflutningsgjalda utan Reykjavíkur. Eftirstöðvar hafa minnkað mjög, og þótt ekki hafi enn náðst sá árangur, sem þarf að nást, er hann ekki langt undan.

Í Reykjavík hefur svonefnd „fyrirfram endurskoðun“, sem í rauninni var ekki annað en önnur yfirferð yfir útreikning aðflutningsgjaldanna og átti að vera í höndum tollstjórans þar, verið flutt í hans umsjá, og er hlutverk ríkisendurskoðunarinnar nú að fylgjast með því eftir á, að rétt hafi verið tollafgreitt, og er það gert með dreifikönnun. Meiri áherzla er nú lögð á það en áður voru tók á að hafa eftirlit með því, að störfin á tollstjóraskrifstofunni séu vel og rétt unnin.

Ríkisendurskoðunin, 22. desember 1967.

Fylgiskjal II.

RÍKISENDURSKOÐUN

Laugavegur 105.

Reykjavík, 21. marz 1968.

Hér með sendist fjárhagsnefnd neðri deildar samrit af skýrslu ríkisendurskoðunarinnar til yfirskoðunarmanna um, hvað ólokið var af endurskoðun reikninga ríkisstofnana, embætta o. fl. þann 16. desember s. l.

Síðan hefur verið lokið endurskoðun reikninga:

Vélasjóðs fyrir árið	1966
Fræðslumálaskrifstofu	1966
Menntaskólans á Akureyri	1966
Tækniskólans	1966
Lögreglustjórans í Reykjavík	1965

Enn fremur hefur verið lokið við endurskoðun á tekjum í þremur embættum af átta samkvæmt téðri skýrslu.

F. h. r.

e. u.

Árni Árnason.

Jón Ólafsson.

Til formanns fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.